

06. OKTÓBER
2022

HARPA
ELDBORG

Stolin stef

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Pulcinella-svíta, hluti 8'

Sinfónía nr. 4, 4. þáttur 5'

Rapsódía um stef eftir Paganini 27'

Tónleikunum er sjónvarpað beint á RÚV og útvarpað síðar á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Stolin stef

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason

Hljómsveitarstjóri

Dmitry Shishkin

Einleikari

Halla Oddný Magnúsdóttir

Kynnir

Ígor Stravinskij

Pulcinella-svíta (1922), hluti

Overture: Sinfonia

Serenata

Tarantella

Toccata

Felix Mendelssohn

Sinfónía nr. 4, op. 90 (1833),

Ítalska sinfónían, 4. þáttur

Presto und Finale: Saltarello

Sergej Rakhmanínov

Rapsódía um stef eftir Paganini, op. 34 (1934)

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Daníel Bjarnason

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníu-
hljómsveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljómsveitar-
stjóri og tónskáld. Hann hefur unnið með og fengið verk
sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Sinfóníu-
hljómsveit Íslands, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles
og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg,
Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í
Skotlandi, Residentie-hljómsveitina, Ulster-hljómsveitina,
Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann hefur
gefið út fjórar plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom
Community: *Processions* (2010), *Solaris* (2012), *Over Light
Earth* (2013) og *Collider* (2018).

Meðal helstu verka Daníels eru óperan *Brothers* sem sýnd
var á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík við mikla hrifningu,
og fiðlukonsert sem var pantaður af Fílharmóníusveit
Los Angeles og Sinfóníuhljómsveit Íslands og frumfluttur
af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir stjórn
Gustavos Dudamels í Hollywood Bowl. Daníel hefur
gegnst stöðum staðarlistamanns og aðalgestastjórnanda
Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir nú stöðunni
„listamaður í samstarfi“.

Meðal nýlegra verkefna Daníels með Sinfóníuhljómsveit
Íslands má nefna Íslandsfrumflutning á píanókonsertri
hans, FEAST, en Víkingur Heiðar Ólafsson lék hann með
hljómsveitinni undir stjórn Daníels í vor. Hinn 19. janúar
næstkomandi fer fram Íslandsfrumflutningur á nýjum
slagverkskonsert Daníels á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar
Íslands en það er einn fremsti slagverksleikari heims,
Martin Grubinger, sem fer með einleikshlutverkið undir
stjórn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníunnar.



Dmitry Shishkin

EINLEIKARI

Rússneski píanóleikarinn Dmitry Shishkin er á hraðri leið upp á stjörnuhimin píanóheimsins, en hann hefur komið fram með helstu hljómsveitum í Evrópu og í Asíu auk þess að halda einleikstónleika í helstu tónleikahúsum heims. Shishkin hefur sent frá sér þrjár hljóðritanir á verkum ólíkra tónskálda á borð við Medtner, Wagner, Elgar og Chopin en breska tónlistartímaritið *Gramophone* hefur lýst leik Shishkins sem bæði skýrum og hugmyndaríkum auk þess sem hinn heimsþekkti píanóleikari, Evgeny Kissin, hefur meðal annars hælt honum sérstaklega fyrir „náttúrulega tónlistarlega fágun og listfengi“.

Dmitry Shishkin er búsettur í Sviss en hann fæddist í Chelyabinsk í suðurhluta Rússlands árið 1992 og hóf snemma að nema píanóleik hjá móður sinni, Írinu. Tveggja ára gamall var hann farinn að geta leikið smærri verk, hann hélt sína fyrstu tónleika þriggja ára og sex ára gamall lék hann í fyrsta skipti með hljómsveit. Hann innritaðist í Pjotr Tsjajkovskíj-tónlistarskólann í heimaborg sinni fjögurra ára gamall og fimm ára í Gnessin-ríkisháskólann í Moskvu. Frá 2010 nam hann hjá Eliso Virsaladze við Tónlistarháskóla Moskvuborgar.

Shishkin hefur unnið til margra verðlauna á sviði tónlistar, þar á meðal önnur verðlaun í Tsjajkovskíj-keppninni árið 2019 en ári áður fór hann með sigur af hólmi í alþjóðlegu tónlistarkeppninni í Genf.



Ígor Stravinskí

PULCINELLA-SVÍTA, HLUÐI

Í kjölfar Norðurálfríðarins mikla eða fyrri heimstyrjaldar eins og stríðið er jafnan nefnt í daglegu tali komst mikið rót á menningu og listir. Hástemmd og tilfinningarík tónlist síðrómantíkurinnar átti ekki lengur upp á pallborðið, enda hljómaði hún tilgerðarlega í eyrum manna, auk þess sem ekki reyndist unnt að semja fyrir risavaxnar hljómveitir. Eyðilegging stríðsins með stórkostlegu mannfalli kallaði á aðrar lausnir. Nú skyldi samið fyrir smærri hópa og tónskáld litu um öxl, horfðu meðal annars til tónsmíða 18. aldar og úr varð nýtt tímabil í tónlistarsögunni: *Nýklassík*.

Nýklassík getur rúmað ansi margt en eitt einkenni hennar er að unnið er með tóntegundabundna hljóma og (stundum) fornar laglínur en þó með nýstárlegum hætti. Inn á milli hljóma ómstríðir tónar og verkin kunna á tíðum að hafa íróníska áferð.

Það eru sennilega engar ýkjur að kalla Ígor Stravinskí (1882–1971) hæfileikaríkasta tónskáld sinna daga. Hann gat brugðið sér í ótal líki, samið jöfnum höndum tónlist sem bar afar ólík stílbrigði en hljómaði alltaf nýstárlega. Frægastur varð hann fyrir samstarf sitt við listræna stjórnandann Sergej Djagilev sem gat af sér ballettana *Eldfuglinn* (1910), *Petrúsku* (1911) og *Vorblót* (1913) en um og eftir 1920 var Stravinskí farinn að endurmeta tónmál sitt og hann reið á vaðið í nýklassískum stíl með ballettinum *Pulcinella* (1920). Upp úr honum samdi hann svo svítu sem frumflutt var í Boston árið 1922 og við heyrum fjóra þætti úr því verki í kvöld, númer eitt, tvö, fjögur og fimm.

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómveit Íslands lék Pulcinella-svítu Stravinskí í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu í júní 1954. Stjórnandi var Wilhelm Schleuning. Tólf árum síðar flutti hljómveitin verkið undir stjórn Páls P. Pálssonar og aftur árið 1981 með þáverandi aðalhljómveitarstjóra sínum Jean Pierre Jacquillat. Í desember 1990 hljómaði ballettsvítan í tvígang á grænum tónleikum Sinfóníunnar undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar en Vladimir Ashkenazy stjórnaði svítunni 2004. Síðast hljómaði verkið á tónleikum Sí 2015 undir stjórn Gennadíj Rozhdestvenskíj.

Um það leyti sem Stravinskíj var að hefja innreið sína í nýklassík fann einmitt Djagílev nótur á safni í Napolí sem á þeim tíma voru eignaðar barokktónskáldinu Pergolesi (1710–1736). Síðar kom í ljós að verkin voru rangfeðruð og voru runnin úr þennum barokktónskálda á borð við Gallo, Monza og Parisotti. Það skipti hins vegar litlu máli. Stravinskíj nýtti sér laglínurnar í hinum nýja balletti. Ekki voru þó allir kátir með hinn nýja stíl tónskáldsins (síðar átti hann meðal annars eftir að semja oktett fyrir tré- og málmblásara og óperu-óratóriuna *Ödípús konung* í sama stíl). Þannig líkti Prokofjev stílnum við „Bach með bólusótt“ en *Pulcinella* hlaut góðar viðtökur áheyrenda og er verkið mikið flutt í dag, einkum hljómsveitarsvítan sem Stravinskíj samdi upp úr ballettinum.



Felix Mendelssohn

SINFÓNÍA NR. 4, ÍTALSKA SINFÓNÍAN

„Þetta er Ítalía! Og það sem ég hef ætíð séð fyrir mér sem mestu lífsgleði er nú orðið að veruleika sem ég nýt til hins ítrasta.“ Svo hljóðar upphaf bréfs sem hinn tuttugu og eins árs gamli Felix Mendelssohn (1809–1847) skrifaði fjölskyldu sinni frá Fenejum í október 1830 en í sama mánuði hafði tónskáldið lagt land undir fót og ferðast til þess lands sem allir listamenn þráðu að heimsækja, Ítalíu. Hann heimsótti Fenejar en var hrifnari af söfnum en fljótum borgarinnar. Þaðan ferðaðist hann til Bologna og Flórens og eyddi svo nokkrum mánuðum í Róm. Loks lá leiðin til Napólí áður en hann hélt aftur norður eftir til Genúa og Mílanó uns leiðin lá loks heim til Þýskalands árið 1831. Á meðan á Ítalíudvölinni stóð hóf Mendelssohn að vinna að fjórðu sinfóníu sinni, þeirri sem fékk heitið *Ítalska sinfónían*.

Í febrúar 1831 skrifar Mendelssohn systur sinni, Fanny, bréf og segir meðal annars: „Ítalska sinfónían er farin að taka á sig mynd. Hún verður glaðlegasta verk sem ég hef nokkurn tíma samið.“ Framhaldið reyndist honum hins vegar örðugt því andagiftin kom ekki yfir hann, ótrúlegt en satt. Reyndar hafði tónskáldið nóg fyrir stafni því á sama tíma vann hann einnig að sinfóníu númer þrjú, *Skosku sinfóníunni*. Verkin eru töluvert skyld (bæði notast við A-dúr og a-moll og taktboðarnir 6/8 og 12/8 eru algengir) en *Skoska sinfónían* var innblásin af ferðalögum tónskáldsins um Bretlandseyjar árið 1829.

Mendelssohn lauk við *Ítölsku sinfóníuna* í Berlín í mars 1833 og um tveim mánuðum síðar var hún frumflutt í Lundúnum, að beiðni London Philharmonic Society, undir stjórn tónskáldsins sjálfs. Verkinu var vel tekið en tónskáldið var enn efins um ágætis þess. Fór svo að Mendelssohn endurskoðaði verkið tvisvar en það kom ekki út fyrr en 1851, fjórum árum eftir lát tónskáldsins. Verkið geislar af gleði og krafti og hlustendur upplifa allt frá ítalskri sveit yfir í píslargöngu. Í fjórða þættinum sem hér hljómar bregður fyrir rómverskum saltarello dansi.

Tónlistin á Íslandi

Ítalska sinfónía Mendelssohns er sívinsæl og hljómaði fyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Viktors Urbancic 2. júní 1950. Hljómsveitin hefur síðan flutt hana yfir 35 sinnum víðsvegar um landið auk þess sem verkið var á efnisskrá hljómsveitarinnar í Þórshöfn í Færeyjum árið 1994 undir stjórn Osma Vánskä. Síðast hljómaði verkið á tónleikum Sinfóníunnar vorið 2021 undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar.



Sergej Rakhmanínov

RAPSÓDÍA UM STEF EFTIR PAGANINI

Sergej Rakhmanínov (1873–1943) sýndi snemma mikla tónlistarhæfileika og komst fljótlega í læri hjá einkakennara áður en fjölskyldan fluttist búferlum til Sankti Pétursborgar árið 1882. Í öndverðu hafði faðir Rakhmanínovs hug á að drengurinn sækti sér frama innan hersins en fjölskyldan var lítt efnum búin og herskóli reyndist of dýr. Það var kannski eins gott því um svipað leyti hlaut Rakhmanínov inngöngu í Tónlistarháskólann í Sankti Pétursborg. Hann var enginn afburðanemandi en hæfileikarnir voru óumdeildir. Tólf ára gamall var hann því sendur til Moskvu. Þar naut hann þar leiðsagnar Nikolajs Zverevs og lauk lokaprófi í tónsmíðum frá Tónlistarháskólanum í Moskvu. Hinn ungi Rakhmanínov hlaut hæstu einkunn og æðstu viðurkenningu skólans sem aðeins tveimur öðrum nemendum hafði áður fallið í skaut. Á Moskvuárunum komst Rakhmanínov í kynni við marga af helstu tónlistarmönnum Rússlands, þar á meðal Pjotr Tsjajkovskíj sem átti eftir að hafa mikil áhrif á fyrstu tónsmíðar hans.

Rakhmanínov leit fyrst og fremst á sig sem tónskáld en hann var ekki bara hæfileikaríkur hljómsveitarstjóri heldur einnig einn fremsti píanóleikari veraldar á sinni tíð (hann var með óvenju stórar hendur). Sem tónskáld sótti hann innblástur í 19. öldina ásamt því að þróa áfram eigin síðrómantískan stíl. Hann samdi meðal annars fjóra píanókonserterna en eftir að hafa flust vestur til Bandaríkjanna í kjölfar októberbyltingarinnar 1917 í Rússlandi dró verulega úr afköstum hans sem tónskálds. Þess í stað neyddist Rakhmanínov til þess að halda tónleika til þess að sjá fjölskyldu sinni farborða. Fór enda svo að af 45 verkum sem Rakhmanínov samdi um ævina voru aðeins sex samin eftir að hann fluttist vestur um haf.

Rakhmanínov lauk við fjórða píanókonsert sinn árið 1933 og aðspurður kvaðst hann enn eiga eitthvað ósamið.

Tónlistin á Íslandi

Níu píanistar hafa áður flutt Paganini-rapsódíuna með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Meðal þeirra eru Christina Ortiz með Vladimir Ashkenazy við stjórnvöllinn (1975), Andrei Gavrilov (1990), Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1994), Lilya Zilberstein í tónleikaferð Sí um Þýskaland og Austurríki (2007), Víkingur Heiðar Ólafsson (2010) og Stephen Hough (2017).

Þannig sagðist hann hvíla sig á sumrin frá tónleikahaldi með því að semja tónlist. Fór enda svo að í nóvember árið 1934 var í Maryland frumflutt eftir hann nýtt verk, *Rapsódía um stef eftir Paganini*, með tónskáldið sem einleikara (Fíladelfíu-hljómsveitin lék og hljómsveitarstjórinn var enginn annar en Leopold Stokowski). Stefið sem Rakhmanínov leggur til grundvallar í verkinu þekkjá allir. Það er sótt í 24. kaprísu Nicolòs Paganinis, lokastykkið úr miklu fingurbrjótasafni fiðlusnillingsins sem hefur orðið mörgum tónskáldum að yrkisefni, svo sem Lutosławski og Andrew Lloyd Webber.

Verkið hefst á kraftmiklum inngangi þar sem einungis bassagangur stefsins heyrir en ekki stefið sjálft. Þá heyrir Paganini-stefið leikið af fiðlum. Smám saman eykst spennan uns Rakhmanínov vitnar í *Dies irae*-sönginn úr sálumessu katólskra sem hann gerði alloft í verkum sínum.

Tilbrigði Rakhmanínovs eru 24 talsins – flest afar stutt – en 18. tilbrigðið er það frægasta, um það bil þriggja mínútna undurbliður síðrómantískur kafli þar sem aðalstefi Paganinis er snúið á hvolf. „Ég samdi þetta tilbrigði fyrir umboðsmanninn minn“ á Rakhmanínov einmitt að hafa sagt um 18. tilbrigðið. Þá tekur við æsillegur leikur einleikarans og reynir mjög á tæknilega getu hans. Einleikari og hljómsveit sameina síðan krafta sína og í lokatöktunum virðist allt ætla um koll að keyra.

Rapsódía um stef eftir Paganini er, ásamt *Sinfónískum dónsum* (1940), frægasta verkið sem Rakhmanínov samdi á Ameríkuárum sínum (1917–1943). Hann lést úr krabbameini í Kaliforníu í mars 1943, átta dögum eftir sjötugsafmæli sitt.

Magnús Lyngdal Magnússon



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Notalegt, ferskt og fallegt
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is

Heil sífónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.




satt

SLIPPBARINN

Á döfinni

13.10

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Nýtt og norrænt


Á þessum tónleikum hljómar það ferskasta í norrænni tónlist enda um að ræða glæsilega fulltrúa ungra norrænna tónskálda sem valdir hafa verið inn í hátíðardagskrá Norrænna músíkdaga. Leikin verða verk eftir Outi Tarkiainen (Finnland), Idin Samimi Mofakham (Noregur), Lisu Streich (Svíþjóð), Gunnar Karel Másson (Ísland) og Jesper Nordin (Svíþjóð). Stjórnandi er Anna-Maria Helsing.

26.10

MIÐVIKUDAGUR
Kl. 20:00

27.10

FIMMTUDAGUR
Kl. 20:00



Laufey og Sinfó

Laufey hefur heillað heimsbyggðina með seiðandi rödd sinni og lagasmíðum sem kallast á við gömlu meistara jazzins en bera líka með sér ferska strauma samtímadægurtónlistar. Meðal þeirra sem hafa hlaðið hana lofi eru tímaritin Rolling Stone og American Songwriter. Hún hefur komið fram í sjónvarpsþáttum á borð við Jimmy Kimmel Live þar sem hún söng lag sitt, Like The Movies, ásamt því að starfa með Fílharmóníusveit Lundúna. Það er mikill fengur fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands að fá hana til samstarfs en á efnisskránni eru lög Laufeyjar sjálfrar sem og dádár jazzperlur, íslenskar og erlendar.

Á döfinni

03.11 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30



Lisiecki spilar Chopin

Pólski hljómsveitarstjórinn Bohdan Wodiczko, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands árin 1965–68, var einn þeirra erlendu tónlistarmanna sem auðguðu íslenskt tónlistarlíf svo um munar. Tónleikar SÍ þann 3. nóvember eru haldnir til heiðurs Wodiczko. Þar kemur fram undir stjórn Evu Ollikainen einn eftirsóttasti píanóleikari heims, hinn pólsk-kanadíski Jan Lisiecki, og leikur píanókonert nr. 1 eftir Chopin. Á meðal annarra verka á efnisskránni er Adagio fyrir strengi eftir Jón Nordal, sem Wodiczko frumflutti ásamt SÍ.

10.11 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 20:00



Tónelskir töfrar

Galdrar og töfrar eru í aðalhlutverki á þessum klukkustundarlöngu tónleikum í Grænu röðinni hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hefjast á forleiknum að óperu Mozarts, Töfraflautunni. Meðal annarra verka á tónleikunum eru hið vinsæla og töfrum slungna Sígaunaljóð spænska tónskáldsins Pablos de Sarasate, en meðal þekktustu stefja verksins er laglínan sem Íslendingar þekkja vel undir nafninu Til eru fræ, og Lærisveinn galdrameistarans eftir Paul Dukas sem margir kannast við úr Disney-teiknimyndinni Fantasíu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Gerður Gunnarsdóttir
Rannveig Marta Sarc
Magdalena Makowska
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Joanna Bauer
Andrzej Kleina
Laura Liu

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Justyna Bidler
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Matthías Stefánsson
Kristján Matthíasson
Sigrún Harðardóttir

Víóla

Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Ásdís Hrund Runólfsdóttir
Vigdís Másdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Ragnar Jónsson

Bassi

Xun Yang
Xiaoying Feng
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

Fagott

Jeremy Bager
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Constantin Glaner

Trompet

Jóhann Nardeau
Eiríkur Örn Pálsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason
Matthias Engler

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningastjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Guðmundur Andrés Erlingsson
sviðs- og tækniamaður

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring

